



Barbara Juliane Holzknacht og Tryggvi Þorgeirsson með viðurkenningarskjöl sín. Með þeim á myndinni eru Gerður Gröndal, formaður dómnefndar þingsins.



Þórður Harðarson, nýkjörinn heiðursfélagi í Félagi íslenskra lyflækna ásamt Runólfi Pálssyni, formanni Félagsins. Myndirnar tók Inger Helene Bóasson, ljósmyndari á Landspítala.

Viðurkenningar á þingi Félags íslenskra lyflækna

Á XVIII. þingi Félags íslenskra lyflækna sem fram fór á Hótel Selfossi, 6.-8. júní sl. voru að venju veitt verðlaun fyrir framúrskarandi vísindarannsókn ungs læknis og læknanema. Verðlaunin fyrir bestu rannsókn ungs læknis, er veitt voru af Verðlaunasjóði í læknisfræði sem læknarnir Árni Kristinsson og Þórður Harðarson stofnuðu, hlaut Barbara Juliane Holzknacht, deildarlæknir við lyflækningasvið Landspítala, fyrir rannsókn sína á klínískri og sameindafræðilegri faraldsfræði meticillín-ónæms *Staphylococcus aureus* (MÓSA) á Íslandi á árunum 2000-2007. Tryggvi Þorgeirsson, sem útskrifaðist frá læknadeild Háskóla Íslands síðastliðið vor, fékk verðlaun sem voru veitt af Félagi íslenskra lyflækna fyrir bestu rannsókn læknanema og beindist hún að blöðruhálskirtilskrabbameini á Íslandi fyrir og eftir upphaf PSA-mælinga og hvort óformleg skimun leiði til ofgreiningar.

Á þinginu var Þórður Harðarson, prófessor og fyrrverandi forstöðumaður lyflæknisfræði við læknadeild Háskóla Íslands, og yfirlæknir á lyflækningasviði I á Landspítala, útnefndur heiðursfélagi í Félagi íslenskra lyflækna. Þórður hefur verið leiðtogi á vettvangi lyflækninga og hjartalækninga á Íslandi undanfarna þrjá áratugi.

Það sem ber hæst er þó framlag hans til vísindastarfs innan lyflækninga hér á landi. Hann hefur gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum fyrir lækna og var ritari Félags íslenskra lyflækna um árabíl. Aðeins fimm lyflæknar höfðu áður verið útnefndir heiðursfélagar í Félagi íslenskra lyflækna, þeir Ólafur Sigurðsson og Sigurður Þ. Guðmundsson, sem báðir eru látnir, og Árni Kristinsson, Páll Ásmundsson og Tryggvi Ásmundsson.

Runólfur Pálsson

formaður
Félags íslenskra lyflækna

FÍFK

Ný stjórn FÍFK var kosin á aðalfundi félagsins nú í maí:

Arnar Hauksson formaður
Ólafur Haakansson gjaldkeri
Sigrún Arnardóttir ritari
Kristín Jónsdóttir ritstjóri fréttablaðs
Arnfríður Henrysdóttir fulltrúi unglækna.

Erindi til félagsins berist til:

Arnars Haukssonar
Selvogsgrunni 20
104 Reykjavík

Arnar.Hauksson@mm.hg.is